

Þriðjudaginn 30. ágúst 1983.

Nr. 156/1983. **Ákærvaldið**

gegn

Símoni Wíium.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 25. þ. m., er barst Hæstarétti 26. þ. m., og gert þá kröfu, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Þá krefst hann málsvarnarlauna.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Fallast má á það, að hætta kunni að vera á því, að varnaraðili muni torvela rannsókn út af brotum þeim, sem hann er sakaður um, ef hann heldur óskertu frelsi. Þykir því mega staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. apríl 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 25. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að kærða, Símoni Sigurðssyni Wíium bilstjóra, fæddum 30. janúar 1946, Grænuhlíð 26 í Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 7. september 1983 vegna gruns um auðgunarbrot.

Málavextir.

Til rannsóknarlögreglu ríkisins hefur borist kæra frá Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni fyrir hönd Þorsteins Guðmundar Hjálm-

arssonar á hendur Símoni Sigurðssyni Wíium fyrir auðgunarbrot. Kæran, sem er dagsett 19. júlí sl., greinir ítarlega frá fjármálaglum samskiptum kærða og kæranda í sjö liðum. Kærða er þar gefið að sök að hafa með ýmsum hætti misfarið með eigur kæranda, bæði fasteignir og lausafé.

Í greinargerð lögmanns kemur eftirfarandi fram:

Kærandi er dómvörður í Hæstarétti. Á árinu 1978 kom kærandi þangað þeirra erinda að sækja dóma Félagsdóms, sem þar voru þá geymdir. Stofnaðist þá til kunningsskapar milli kærða og kæranda, sem leiddi til þess, að kærði fór að aðstoða kæranda við ýmis störf. Það var síðan á árinu 1979, að kærandi veiktist alvarlega, og var kærði honum mjög hjálplegur, meðan á veikindum stóð.

Kærandi hafði hugleitt að kaupa íbúð í miðborginni. Í desember 1979 bauðst kæranda í gegnum bróður kærða, Dan S. V. Wíium, íbúð til kaups að Þórsgötu 8, og þarfnadist hún lagfæringa. Kærandi átti þá íbúð að Goðheimum 6, sem hann seldi til að fjármagna kaup á íbúð að Þórsgötu og lagfæringar á henni. Íbúðin að Goðheimum 6 var metin á 25.000.000 - 30.000.000 gkr., og kaupandi var kærði. Kaupverð íbúðar að Þórsgötu 8 var 14.000.000. gkr. Dan S. V. Wíium gekk frá kaupum á íbúðinni í Goðheimum 6. Enginn kaupsamningur var gerður. Í afsali var engin grein gerð fyrir söluverði íbúðar. Annar bróðir kærða, Sigurður Wíium, gerði skattframtal fyrir kæranda, m. a. 1980, og kemur þar fram, að söluverð íbúðar að Goðheimum 6 hafi verið 20.000.000. gkr. Mismun á verði þessara tveggja íbúða segist kærði vera búinn að greiða, þ. e. 6.000.000. gkr., en ekkert hefur verið lagt fram því til staðfestu.

Kærði bauð kæranda að annast öll fjármál kæranda vegna veikinda hans, þ. á m. að ganga frá kaupum á íbúðinni að Þórsgötu 8 og annast lagfæringar. Kærði fékk kæranda til að afhenda sér allar bankabækur sínar. Kærði og eiginkona kærða hafa tekið samtals út 94.086.64 kr. úr ofangreindum bankabókum. Kærði hefur viðurkennt úttekt á 65.400.00 kr., og tilgreinir lögmaður kærða, Sigurður H. Guðjónsson héraðsdómslögmaður, í bréfi, dags. 7. febrúar sl., að fé þetta hafi að öllu leyti runnið til Þorsteins, m. a. til lagfæringar á íbúð, en engar nótur hafa verið lagðar fram því til staðfestu. Kærði telur kæranda hafa lánað sér 28.886.00 kr., sem hann hafi endurgreitt, en ekkert liggur frammi því til sönnunar.

Síðan á árinu 1982 hefur kærandi margkafið kærða um uppgjör, annars vegar vegna kaupa á íbúð að Goðheimum 6, þar sem kærandi telur, að ekki hafi endanlega verið gengið frá kaupverði, og hins vegar vegna standsetningar að Þórsgötu 8, þ. e. skil á vinnulaunanótum svo og nótum vegna viðgerða og efniskaupa, allt án árangurs.

Kærði hafði til geymslu trésmíðavélar og ýmis vinnuáhöld kæranda svo og efni. Kærði hefur ekki skilað kæranda áhöldum né efni (hnotuspæni).

Hins vegar er upplýst, að kærði seldi án vitundar kæranda Böðvari Böðvarssyni framkvæmdastjóra 3 trésmíðavélar á árinu 1980 fyrir 650.000 gkr. án þess að standa skil á söluandvirði. Kaup þessi hefur Böðvar staðfest í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins þann 10. júlí sl.

Kærandi átti sjötugsafmæli á árinu 1980. Var haldinn fagnaður á heimili kærða af því tilefni. Kærði (sic) lagði fram fé til kaupa á veisluþöngum, þ. á m. áfengi. Kærði skilaði hluta af áfengi aftur til ÁTVR, en hefur ekki staðið skil á því fé til kæranda.

Kærandi kveður kærða hafa á árinu 1981 tekið að ófrjálsu a. m. k. tvo fimmhundruðkróna seðla úr peningaskáp í skrifstofu kæranda, sem voru hluti af launum hans.

Kærandi er einhleypur og barnslaus og á því enga skylduerfingja. Kærandi kveður kærða hafa hvatt sig til að gera erfðaskrá kærða til hagsbóta. Erfðaskráin var gerð 25. ágúst 1980. Efni hennar var á þá leið, að kærði skyldi erfa allar eigur kæranda eftir hans dag. Erfðaskrá þessi hefur nú verið afturkölluð.

Kærandi hefur margkrafið kærða um uppgjör, eins og fyrr sagði, og skil þeirra fjármuna, sem hann hafði með að gera fyrir kæranda, svo og að endanlega yrði gengið frá samningi um verð á íbúðinni að Goðheimum 6, án árangurs. Lögmenn kærða og kæranda hafa staðið í bréfaskriftum og í greinargerð, sem lögmáður kærða, Sigurður H. Guðjónsson héraðsdómslögmáður, sendi lögmanni kæranda, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, með bréfi, dags. 7. febrúar sl., kemur fram, að kærði telur nú, að kærandi skuldi sér 138.000.00 kr. vegna lagfæringa á íbúð á Þórsstötu 8, en engin gögn liggja frammi, er staðfesta þetta.

Kærandi og kærði voru samprófaðir hjá rannsóknarlögreglu ríkisins þann 23. ágúst sl. án árangurs.

Kærði kom fyrir dóm þann 24. ágúst sl. og mótmælti efni kæru rannsóknarlögreglu ríkisins.

Rannsókn þessi er mjög umfangsmikil, og er hún mjög skammt á veg komin. Kærði er undir rökstuddum grun um stórfellt misferli í framangreindum viðskiptum kærða og kæranda, og hætt er við, að kærði, Símon Sigurðsson Wíium, geti torvelað rannsókn málsins, haldi hann óskertu frelsi.

Brot þau, er kærði er grunaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 gæsluvarðhaldi því ekki til fyrirstöðu.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 7. september 1983, kl. 1700.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Símon Sigurðsson Wiium, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 7. september 1983, kl. 1700.

Föstudaginn 16. september 1983.

Nr. 134/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Jóni Helga Bjarnasyni

(Árni Grétar finsson hrl.).

Þjófnaður. Reynslulausn. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 10. júní sl. Ágrip máls barst Hæstarétti 23. ágúst s. á. Af hálfu ákærvalds er krafa gerð um þyngingu refsingar.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara um brot það, sem ákærða er gefið að sök. Með brotinu rauf hann skilyrði reynslulausnar, er hann fékk 13. júlí 1982. Ber að dæma refsingu í einu lagi fyrir það brot, sem hann er nú sakfelldur fyrir, og með hliðsjón af refsivist, sem ólokið er, sbr. 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976. Með þessari athugasemd þykir eiga að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns 5.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, greiði allan kostnað af áfrýj-